

Nr. 162 / 13 Kap VE 4***Skipverji klemmist á hendi***

Skipaskr.nr. 2363 IMO 8714724
Smíðaður: Danmörku 1988, stál
Stærð: 699,5 brl. 1085 bt.
Mesta lengd: 54 m Skráð lengd: 47,49 m
Breidd: 11 m Dýpt: 6,6 m
Vél: Wartsila 2250 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 12



Gögn:
Gögn RNS

Kap©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. nóvember 2013 var Kap VE 4 á síldveiðum á Hofstaðarvogi á Breiðafirði. Veður: NA 8-10 m/s.

Lokið var veiðum og skipverjar að undirbúa heimferð þegar einn þeirra klemmdist með hægri hönd á milli grjóts og lunningar. Grjótið hafði komið upp með nóttinni og var hann ásamt öðrum skipverja að færa það aftur á skipið og fyrir borð.

Langatöng hægri handar brotnaði og hann varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði ætlaði þyngd steinsins vera 60 til 80 kg. Búið var að koma böndum á hann en þeir ætluðu að velta honum til svo hægt væri að draga aftur á skipið og koma honum fyrir borð. Vegna lögunar steinsins valt hann að lunningunni svo hönd slasaða varð á milli;
- að slasaði sagði að mikið af steinum, skeljum og mól komi með nóttinni við veiðar á svona grunnu vatni en nótin er 50 fm. (90 metra) djúp.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á að varhugavert sé að vera með svo öflug veiðarfæri á grunnu vatni.